

Fimmtudaginn 16. janúar 1992.

Nr. 70/1989. **Kristján Guðmundsson**

(Othar Örn Petersen hrl.)

gegn

Sigurði Loftssyni og

Birni Loftssyni

(Árni Guðjónsson hrl.).

Ómerking. Frávísun frá Hæstarétti. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. febrúar 1989. Málið er hér sérstaklega tekið til meðferðar um formhlið þess samkvæmt heimild í 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Dómkröfur áfrýjanda eru þessar: 1. Að staðfest verði riftun sín á kaupum á 11 sumarbústaðalóðum úr landi Hrafnhóla, Kjalarneshreppi, af stefndu samkvæmt afsali 12. maí 1984. 2. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að endurgreiða sér 370.000 krónur með mánaðarlegum dráttarvöxtum, eins og lýst er í héraðsdómi. 3. Að stefndu verði dæmdir til að afhenda áfrýjanda, honum að kostnaðarlausu, víxla þá, sem áfrýjandi samþykkti og afhenti þeim vegna kaupa á umræddum lóðum, og/eða kvittuð skilríki, sem í stað þeirra víxla hafa komið, svo sem dóma, aðfararhæfar áskorunarstefnur og fjárnámsendurrit, en víxlar þessir eru átta að tölu, allir samþykktir af áfrýjanda til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, og er þeim nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi. 4. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað.

Munnlegur málflutningur fór fram í máli þessu á aukadómþingi Kjósarsýslu hinn 1. desember 1987, og var málið þá dómtekið. Það var síðan endurupptekið og endurflutt 10. maí 1988 án nokkurra

skýringa og án þess að ný gögn væru lögð fram eða leitað væri nýrra upplýsinga í málinu, er réttlætt gætu drátt þennan, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Dómur var kveðinn upp 8. júlí 1988, átta vikum og þremur dögum eftir munnlegan málflutning og dómtöku málsins í annað sinn. Þessi dráttur á dómsuppsögu er freklegt brot á ákvæðum 191. gr. laga nr. 85/1936, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og leggja fyrir dómarrann að taka málið til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lagði lögmaður áfrýjanda fram ljósrit 6 bréfa, sem voru send héraðsdómara vegna máls þessa. Tvö fyrstu bréfin, sem dagsett voru 3. maí og 5. ágúst 1988, varða drátt á dómsuppsögu. Í bréfi 30. nóvember 1988 er þess krafist, að lögmaður áfrýjanda fái endurrit dómsins, sem lofað hafi verið þegar í byrjun september, og jafnframt óskað eftir dómsgerðum svo fljótt sem kostur sé. Var þetta ítrekað með bréfi 9. janúar 1989. Lögmaðurinn upplýsti, að hann hefði fengið afhent endurrit dómsins í fyrstu viku febrúar. Tvö síðustu bréfin eru dagsett 8. mars og 8. maí 1989, og er þar ítrekuð krafa um afhendingu dómsgerða.

Sá dráttur, sem samkvæmt framansögðu varð á afgreiðslu eftirrita málsins, brýtur í bága við ákvæði 1. mgr. 44. gr. laga nr. 85/1936.

Víta ber héraðsdómara fyrir þá stórvægilegu galla á málsmeðferð, sem hér að framan er lýst.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og ber héraðsdómara að taka málið upp að nýju til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 8. júlí 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. maí sl., hefur Kristján Guðmundsson, nnr. 5855-3018, Melási 2, Garðakaupstað, höfðað fyrir dóminum með þing-

festingu 3. mars 1987 á hendur Sigurði Loftssyni, nnr. 7884-8693, Hamratúni 6, Mosfellsbæ, og Birni Loftssyni, nnr. 1343-9648, Drápuhlíð 42, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að staðfest verði með dómi riftun stefnanda á kaupum hans á 11 sumarbústaðalóðum úr landi Hrafnhóla, Kjalarneshreppi, af stefndu, sbr. samþykkt kautilboð, dags. 5. apríl 1984, og afsal, dags. 12. maí 1984,

2. að stefndu verði in solidum dæmdir til að endurgreiða stefnanda 370.000 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum],

3. að stefndu veri dæmdir til að afhenda stefnanda honum að kostnaðarlausu víxla þá, sem stefndi samþykkti og afhenti þeim vegna kaupa á umræddum lóðum, og/eða kvittuð skilríki, sem í stað þeirra víxla hafa komið, dóma, aðfararhæfar áskorunarstefnur og fjárnámsendurrit, en víxlar þessir eru átta talsins, allir samþykktir af stefnanda til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, óútgefnir við afhendingu, að fjárhæðum og með gjaldd. sem hér segir: 50.000 kr. pr. 5. júlí 1984, 75.000 kr. pr. 15. janúar 1985, 75.000 kr. pr. 15. júlí 1985, 98.125 kr. pr. 15. janúar 1986, 105.062 kr. pr. 15. júlí 1986, 112.000 kr. pr. 15. janúar 1987, 118.937 kr. pr. 15. júlí 1987, 100.700 kr. pr. 15. janúar 1988,

4. að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær, að stefndu verði sýknaðir af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu skv. texta LMFÍ.

Dómarinn reyndi settir án árangurs.

Mál þetta var áður flutt og dómtekið 1.12 1987, en endurflutt og dómtekið að nýju 10.5. sl.

— — —

Niðurstaða dómsins er því sú, að sýkna beri stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Málskostnaður, sem stefnandi greiði stefndu, ákveðst 96.000 kr., þar með talið 12% sölugjald.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dráttur á dómsuppkvaðningu stafar af miklum embættisönnum dómara.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigurður Loftsson og Björn Loftsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Kristjáns Guðmundssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu 96.000 kr. í málskostnað, þar með talið 12% sölugjald.